



Bæjarráð Akraness,
Stíllholti 16-18,
300 Akranesi.

Efni: Svar við bréfi bæjarstjóra dagsettu 12 september 2019, þar sem svarað er bréfi okkar frá 31. janúar 2019.

Vegna: Faxabrautar 7, 300 Akranesi, fastanúmer 210-2312.

Það er margt sem er illskiljanlegt í þessu svari og meira lagt upp úr lengd á svarinu en því sem máli skiptir:

- Við vorum ekki að spurja um þróunn fasteignagjalda á íbúðarhús til dæmis, málið snýst um fasteingargjöldin fyrir Faxabraut 7., fastanúmer 210-2312.
- Að það sé dregið úr álögum þegar: „vissulega sé það rétt að gjöldin hafa hækkað í krónutölu milli ára“, en hækkunin nemur 26%.
- Samanburður við sveitarfélög þar sem markaður er með atvinnuhúsnæði er ekki samanburðarhæfur, Borgarbyggð er eina sveitarfélagið þar sem staða atvinnufyrirtækja er eitthvað í líkingu við Akranes. Nær væri að bera álögurnar saman við td. Ísafjörð, Sauðárkrök, Þórshöfn og Fáskrúðsfjörð.
- Neðst á töflu 4 er kjarni málsins: „Fasteignamat er gangverð, umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði haft í kaupum og sölum í febrúarmánuði.“ Staðreyndin er sú að atvinnuhúsnæði er ekki að seljast á Akranesi og þar af leiðir að erfitt er að rökstyðja hækkun á mati út frá sölusamningum.

Við ítrekum mótmæli okkar við þessar hækkunir og förum fram á að þessi gjöld verði lækkuð og vísam aftur þeirra röksemda sem komu fram í bréfi frá síðasta degi janúar.

Akranesi, 25 september 2019

Virðingarfyllst

f. h. Nótastöðvarinnar hf.,

Magnús H Sólmundsson



**Nótastöðin hf. Jörundarholti 226. 300 Akranesi,
sími 431 1111, netfang: ver@verehf.is**